

Útboð

Ljósleiðaravæðing sveitarfélagsins Bláskógabyggðar

EFLA verkfræðistofa óskar eftir tilboðum í lagningu ljósleiðararöra, blástur strengja og tengingar fyrir hönd sveitarfélagsins Bláskógabyggðar. Verklok eru eigi síðar en 15.10.2020.

Verkið felur í sér að plægja niður ljósleiðararör frá dreifistöð kerfisins inn á heimili, fyrirtæki og sumarhús í Bláskógabyggð, setja niður tengiskápa ásamt frágangi lagnaleiðar. Verkið felur einnig í sér blástur ljósleiðarastrengja í rörin ásamt blæstri strengja í fyrirliggjandi ídráttarrör sem og tengingar, mælingar og frágang á ljósleiðarakerfinu.

Helstu magntölur eru

- Plægning blástursröra fyrir stofn- og heimtaugastrengi 150 km
- Blástur ljósleiðarastrengja 220 km
- Fjöldi tenginga 6500 stk
- Fjöldi inntaksboxa 250 stk
- Fjöldi dreifistöðva 1 stk

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með miðvikudeginum 21. ágúst 2019.

Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Kristinn Hauksson með tölvupósti, kristinn.hauksson@efla.is, og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila á verkfræðistofuna EFLU Suðurlandi, Austurvegi 3-5, 800 Selfossi fyrir kl. 11:00 mánudaginn 2. september 2019, en þá verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

